

Garðabær
Erla Bil Bjarnadóttir, umhverfisstjóri

Tilvísun: 1.181.216

1.7.2016

Varðandi: Leyfi fyrir uppsetningu vatnshæðarmæla í Urriðakotsvatni og Vífilsstaðavatni.

Vegna áforma um aukið eftirlit með vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum og mögulegu samspili vinnslu þar og grunnvatnshæðar á vinnslusvæði Vatnsveitu Hafnarfjarðar í Kaldárbotnum, unnu Veitur og Kópavogsbær eftirlitsáætlun um reglulegar mælingar á grunnvatnshæð. Auk mælinga í borholum er talið nauðsynlegt að eiga gögn um vatnsborðsbreytingar í helstu stöðuvötnum á svæðinu. Veitur vakta vatnshæð Elliðavatns en vatnshæð í öðrum vötnum á mögulegu áhrifasvæði vatnsvinnslu í Vatnsendakrikum er ekki vöktuð. Í eftirlitsáætluninni er gert ráð fyrir að vatnshæðarmælum verði komið fyrir í Hvaleyrarvatni, Urriðakotsvatni og Vífilsstaðavatni. Mæliniðurstöður verða nýttar til kvörðunar á grunnvatnslíkani og verður mikilvægi einstakra mælistöðva endurmetið fyrir árslok 2020. Orkustofnun hefur fyrir sitt leyti samþykkt eftirlitsáætlunina.

Mannvit óskar heimildar Garðabæjar fyrir uppsetningu vatnshæðarmæla í Urriðakotsvatni og Vífilsstaðavatni til ótilgreinds tíma eða fram til 2020 hið minnsta. Uppsetningin fæli í sér lagningu 1" galvanísersaðs vatnsrörs u.þ.b. 24 m út í vatn. Á bakka myndi 1 m langt rör, að þvermáli 130 mm, hýsa skráningartæki. Leitað verður leiða til að koma búnaði þannig fyrir, að hann verði sem minnst áberandi í umhverfinu. Fyrirhugaðar staðsetningar eru sýndar á myndum 1 og 2. Vatnsrör (24 m) þarf að festa niður í vatnsbotn næst bakka á hvorum stað og yrði það gert með því að reka eða bora niður grannar festur, sem rörið yrði klemmt við.

Umsjónaraðili með uppsetningu stöðvanna fyrir hönd Mannvits verður:

Lilja Oddsdóttir, lilja@mannvit.is, sími 422-3062

Virðingarfyllst,
Lilja Oddsdóttir
Umhverfisverkfræðingur

Afrit: Sverrir Óskar Elefsen, Mannvit



Mynd 1. Fyrirhuguð staðsetning vatnshæðarmælis í Urriðakotsvatni.



Mynd 2. Fyrirhuguð staðsetning vatnshæðarmælis í Víðisstaðavatni.